

## Áfangaskýrsla starfshóps um uppbyggingu á Ásvöllum

02122015

## Inngangur og hlutverk

Á fundi Umhverfis- og framkvæmdaráðs þann 27. Janúar 2015 var samþykkt að skipa starfshóp um nýframkvæmdir á Ásvöllum og voru þrír fulltrúar af Umhverfis- og framkvæmdaráði skipaðir í hópinn auk þess sem ákveðið var að sviðsstjóri Umhverfis og framkvæmda ásamt íþróttafulltrúa myndu starfa með hópnum. Tveir fulltrúar voru einnig skipaðir af Haukum og þá starfaði framkvæmdastjóri Hauka einnig með nefndinni.

Markmið með skipan hópsins var að fara yfir núverandi stöðu mannvirkja á íþróttasvæði Hauka á Ásvöllum og greina þörf fyrir nýframkvæmdir í samráði við aðalstjórn félagsins. Ennfremur fékk starfshópur kynningu á framkvæmd við endurnýjun á gerfigrasi sem unnið hefur verið að á haustmánuðum ásamt því að fá yfirferð yfir áætlaða viðhaldsþörf utanhúss á næstu árum.

## Starfshópin skipa:

Frá Umhverfis og framkvæmdaráði:

Helga Ingólfssdóttir, sjálfstæðisflokkur, formaður

Helga Björg Arnardóttir, Björt framtíð

Friðbjófur H Karlsson, Samfylking

Frá Haukum:

Samúel Guðmundsson, formaður Hauka

Þorgeir Haraldsson, Haukar

Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri Hauka

Frá Hafnarfjarðarbæ:

Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri Umhverfis- og skipulagsþjónustu

Ingvar S. Jónsson, íþróttafulltrúi

Geir Jónsson, íþróttafulltrúi

## Vinna starfshóps:

Starfshópurinn kynnti sér starfsemi allra deilda félagsins sem er í uppbyggingu, í félaginu eru nú stundaðar 8 íþróttagreinar og er meðalfjöldi iðkenda að nálgast 1.400 og hefur vaxið um 5% undanfarin ár. Kynjahlutföll eru mjög jöfn og hafa Haukar fengið viðurkenningu nýverið fyrir jafnræði kynja innan félagsins. Félagið er einnig eina félagið hér á landi sem á lið í öllum keppnisflokkum karla og kvenna í stæretu boltagreinum. Þá er félagið ennfremur mjög öflugt í almenningsíþróttum með fjölmennan hlaupahóp sem telur á þriðja hundrað hlaupara. Eldri borgarar eru einnig öflugir félagsmenn og er starfandi félagsráð eldri Haukamanna sem styrkja félagið á margvíslegan hátt, má þar nefna „lávarðadeild“ Hauka þar sem eldri Haukamenn keyra bílaleigubíla fyrir sitt félag í sjálfböðavinnu í hverjum mánuði fluttu í síðastliðnum mánuði yfir 400 bílaleigubíla. Stuðningsmanna klúbbur Hauka Haukar í horni eiga sinn sess í félaginu en þar eru vel á 400 haukamanna virkir félagsmenn. Félagið hefur einnig tekið að sér rekstur á frístundaheimilis fyrir börn í fyrstu bekkjum grunnskóla og er þar um frumkvöðlastarf að ræða sem gengið hefur vel.

56 HIBA  
 AF



## Áfangaskýrsla starfshóps um uppbyggingu á Ásvöllum

02122015

### Áfanganiðurstaða starfshóps:

Ljóst er eftir kynningar frá öllum deildum að þrengsli í núverandi húsnæði eru hamlandi fyrir áframhaldandi uppbyggingu félagsins og þörf fyrir viðbótaræfingasal er mjög brýn. Lega Ásvalla í jaðri þriggja íbúðahverfa, Ásland, Holt og vallahverfis gerir svæðið eftirsóknarvert til íþróttaiðkunar fyrir íbúa þessara hverfa. Mikil uppbygging er fyrirhuguð í Skarðshlíð (Vellir 7) og því líklegt að enn fjölgi þeim íbúum sem sækja Ásvelli á næstu árum. Þörf fyrir æfingasal vegna skólaleikfimi er fyrir hendi nú þegar en salurinn mun einnig nýtast sem æfingasalur fyrir deildir félagsins.

Starfshópurinn mælir með því að hafist verði handa við byggingu á árinu 2016 og að nýr æfingasalur verði tekinn í notkun vorið 2017 með fyrirvara um fjárhagsáætlun þess árs. Verkinu verði áfangaskipt og hluti 101 og 102 verði 1. Áfangi. Starfshópurinn mun starfa áfram og vinna að lokaskýrslu þar sem lögð verður fram greinargerð um áfangaskiptingu á öðrum verkþáttum.

Fulltrúi Samfylkingarinnar í starfshópnum tekur undir það að mikilvægt sé að tryggja viðunandi aðstöðu til íþróttaiðkunar í öllum hverfum bæjarins og mikilvægt að mat á þörf fyrir aðstöðu fari fram í nánú samstarfi bæjaryfirvalda og fulltrúa íþróttafélaganna. Það er þó eftir sem áður bæjarstjórnar að taka ákvarðanir um allar stærri fjárfestingar á vegum sveitarfélagsins með afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

Fulltrúi minnihlutans í starfshópnum áskilur sér þannig rétt til að taka afstöðu til einstakra verkefna þegar fyrir liggur heildstæð tillaga um forgangsroðun í rekstri og fjárfestingum sveitarfélagsins til næstu ára. Hann getur því ekki skrifað undir áfangaskýrsluna eins og hún liggur fyrir nú.


Hafnarfjörður, 2. desember 2015

  
Helga Ingólfssdóttir, sjálfstæðisflokkur, formaður

  
Helga Björg Arnardóttir, Björt framtíð

Friðþjófur H Karlsson, Samfylking

  
Samúel Guðmundsson, formaður Hauka

  
Þorgeir Haraldsson, Haukar